

verður það, verður tíminn að leiða í ljós. Þar sem að pragmatisminn er fyrst og fremst aðferð til að hugsa liggur í augum uppi að mismunandi skoðanir geta átt sér stað á meðal þeirra, sem aðferðinni fylgja, vegna þess að í öllu hugsanalífi manna má merkja áhrif úr mörgum áttum, svo þó að hugsanalíf einhverra einstaklinga, hvort sem þeir eru margir eða fáir, fylgi sinni aðal stefnu er ekki sjálfsagt að allir fallist að endingu á nákvæmlega sömu skoðanir. Það á sér aldrei stað nema þar, sem allir lúta einhverju ytra valdi, er skipar þeim hvaða skoðanir þeir skuli hafa og hverju þeir skuli trúu, en í heimspeki er ekkert slíkt vald til. Pragmatisminn er þá fyrst og fremst vegur til að hugsa, og þar næst nýr skilningur á gildi skoðana og hugmynda. Hann er stefna, sem rúmar margar ólíkar skoðanir, en sem þrátt fyrir það gengur í eina aðalátt. Með því að pragmatisminn, eins og allar nýjar stefnur, verður bezt skoðaður í mótsetningu við stefnu þá sem hann er aðallega mótmæli gegn, vil eg, áður en eg leitast við að útskýra hann betur, benda á nokkur hin þýðingarmestu atriði þeirrar stefnu.

Stefna sú, sem er andstæð pragmatisminum nefnist á máli heimspekinganna rationalismi. Eins og allir, sem þekkja sögu heimspekinnar vita, er sú stefna bæði gömul og víðtæk. Það má segja að hún hafi byrjað með gríska heimspekingnum Plató hér um bil 380 árum f. K. og ávalt síðan hefir hún í einni eða annari mynd verið hin ráðandi stefna í heimspeki meðal Evrópu þjóðanna. Eg vel fjóra heimspekinga, sem enginn mun efast um að séu fullkomnir rationalistar sem sýnishorn af þessari stefnu. Þeir eru: Spinoza og Hegel, sem báðir voru uppi áður en hinar miklu vísindalegu framfarir nítjándu aldarinnar fóru að hafa áhrif á heimspekis og trúarskoðanir manna, og Mr. Bradley á Englandi og próf. J. Royce við Harward, sem báðir eru nú lifandi.

Spinoza byrjaði sínar heimspekis hugleiðingar með því að gera ráð fyrir að tilveran væri í insta eðli sínu óskynjanleg; að það sem vér skynjuðum væri ekki insti kjarni hlutanna heldur aðeins yfirborðið. Þetta óþekta, er hann nefndi „substance“ hefir, samkvæmt kenningu hans, tvö eðli, sem bæði eru eilífi og